

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni nr. 828/2005.

1. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

2. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í fyrri másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

3. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í fyrri og seinni másl. 9. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

4. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ 1. mgr. 11. gr. og „ríkislögreglustjóra“ í seinni másl. 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

5. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í seinni másl. 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 5. gr. áfengislaga nr. 75 15. júní 1998, sbr. 1. gr. laga nr. 40 13. maí 2005, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2007.

Björn Bjarnason.

Gunnar Narfi Gunnarsson.